**Nd. 152. Viðaukatillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 129 (fjáraukalög).

Frá Hákoni Kristóferssyni.

Við 8. tölulið.

Aftan við liðinn bætist:

Landsstjórninni heimilast að lána Reykhóla-, Geiradals- og Gufudalshreppum 8000 krónur, til að kaupa fyrir jörð til læknisseturs fyrir Reykhólahjerað. Lánið skal veitt gegn ábyrgð sýslunefndar Austur-Barðastrandarsýslu, eða annari tryggingu, er landsstjórnin tekur gilda. Lánið ávaxtist með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.